



Fundargerð

427. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þirðjudaginn 11. September 2018 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Árný Huld Haraldsdóttir varaoddviti (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Oddviti ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. **426. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 18. Ágúst 2018.**
Oddviti fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða
2. **Stjórn Barmahlíðar 14. ágúst 2018.**
Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina. Fundargerð samþykkt samhljóða
3. **Skipulags-húsnæðis og hafnarnefndar 10. September 2018.**
Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða
4. **Fjallskilanefnd . september 2018.**
Formaður nefndarinnar sagði frá störfum nefndarinnar og fór yfir stöðu fjallskilamála. Málið rætt.

Mál til afgreiðslu.

1. **1807005 - Ráðning sveitarstjóra Reykhólahrepps.**
Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur ákveðið að ráða Tryggva Harðason sem sveitarstjóra. Áralöng reynsla hans af sveitarstjórnarmálum og sú staðreynd að hann skoraði hæst í hæfnismati Capacent réðu úrslitum um ráðningu hans. Sveitarstjórn býður Tryggva velkomin og vonast til að eiga gott samstarf við hann um málefni sveitarfélagsins. Lagður fram og samþykktur ráðningasamningur við Tryggva Harðarson. Samþykkt samhljóða.
2. **1807006 - Ráðning hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar.**
Oddviti fór yfir gang mála.
- 1607016 - Ljósleiðari um Reykhólahrepp.
3. *3.a Lagt var fram bréf frá íbúum Djúpadals. KK og II í samráði við Karl Hálfðánarson og Brynjólf Smárason falið að svara erindinu.*

3.b Farið yfir samning við Verklok ehf. um lagningu ljósleiðara. Sveitarstjórn samþykkir að taka upp fyrri samning við Verklok ehf. m.t.t aukinnar vinnu. Oddvita falið að klára málið hið fyrsta. Samþykkt samhljóða.

4. 1809001 - Starf umsjónarmanns fasteigna og önnur stöf því tengdu.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa starfshóp til að fara yfir og endurskipuleggja starfsemi sveitarfélagsins, tengda eignaumsjón, áhaldahúsi, gámasvæði, sundlaug og tjaldsvæði. Starfshópnum er falið að vinna að skipulagsbreytingum á starfi umsjónarmanns fasteigna, öllum störfum sem heyra undir það starf ásamt störfum í sundlaug. Undir þessum störfum eru öll viðhaldsstörf sveitarfélagsins ásamt störfum við tjaldsvæði, gámasvæði, dýraeftirlit ofl. Starfshópurinn hefur fullan aðgang að gögnum um störfin, starfsmönnum sveitarfélagsins og er hvattur til að ráðafærar sig við þá sem hafa sinnt þessum störfum. Hópin skipa: Rebekka Eiríksdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Ingimar Ingimarsson. Guðrún Guðmundsdóttir mun verða hópnum til aðstoðar. Starfshópnum er ætlað að skila tillögum um skipulagningu þessara starfa fyrir 15. nóvember 2018. Samþykkt samhljóða.

5. 1809002 - Aðalskipulag Reykhólahrepps.

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 rennur út um næstu áramót, sveitarstjórn tekur því ákvörðun um að hefja vinnu að endurskoðun á aðalskipulagi. Sveitarstjórn felur Skipulags- húsnaðis og hafnarnefnd að vinna að málinu áfram. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar.

6. 1809003 - Heimsókn Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis kom og hitti sveitarstjórn þar sem rædd voru vegamál á svæðinu. Þar kom sveitarstjórn sínum áherslum að varðandi vegagerð um Reykhólahrepp. Fundurinn var upplýsandi bæði fyrir nefnd og sveitarstjórn. Sveitarstjórn þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir komuna og góðan fund. Með von um frekara samstarf varðandi vegamál í Reykhólahrepp.

7. 1809004 – Vindmyllugarður í Garpsdal.

Oddviti fór yfir málið.

Önnur mál (ef löglega upp borinn):

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl.16:15
